



## Fundur í skólaráði Ártúnsskóla 4. maí 2022

Mættir: Páll, Hanna Sóley, Ellen, Bárður, Bjarni í Árseli, Hólmfríður, Bjartmar, Guðrún Lilja og Helga.

### Skóladagatal 2022 – 2023

Skólaráð er ekki búið að samþykkja skóladagatal 2022 - 2023 fyrir næsta vetur. Foreldrar verða látnir vita með tölvupósti þegar búið verður að setja það inn á heimasíðu skólans þegar samþykki hefur borist.

### Maí og júníáætlun

Maíætlanir eru frá 9. maí. Vorhátíð verður aftur í ár og verður 19. maí. Baldur og Jón Arnar munu koma og skemmta, stöðvar úti með leikjum fyrir nemendur og grillaðar pylsur í hádegjnu á lóð leikskólans.

### Nemendatölur 2022 – 2023

Fækkun er í nemendahóp skólans næsta skólaár, erum að kveðja stóran hóp rúmlega 30 nemendur og um 20 nemendur að byrja í 1. bekk. Í framhaldi rætt um bekkjastærðir og úthlutun kennslustunda á árganga. Til dæmis eru 27 börn í árgangi á miðstigi einn kennari. Stjórnendur eru að skipuleggja skólaárið þessa dagana.

Nýtt reiknilíkan, Edda, átti að gefa meira í úthlutun til skólans en það er ekki alveg raunin sem við sjáum. Stuðningur og útreikningur fyrir úthlutun í kennslu er lítill.

Í framhaldi var rætt um hve húsnæði skólans rúmi mörg börn. Við 190 er húsnæðið á þolmörkum en 180 nemendur ákjósanlegur fjöldi.

Það er verið að auglýsa eftir kennara í 1. bekk. Sesselja er að fara í námsleyfi næsta skólaár og Ásta María verður deildastjóri stoðþjónustu næsta vetur. Verið er að raða kennurum á bekki, ekki hægt að gefa það út strax.

Skólamaturlundur mun sjá um matinn í grunnskóla og leikskóla næsta skólaár. Þjónustan og samskipti við Skólamat hafa verið góð og alltaf brugðist vel við ábendingum og öðru sem upp kemur.

## **Skipulag skólaársins**

Stuðningssumsóknir í Skólaseili eru í vinnslu fyrir næsta skólaár og skráning í sumarfrístund gengur mjög vel. Skráning í sumarsmiðjur í Árseli byrja í dag 4. maí kl. 10:00.

## **Skilafundir leikskóla**

Regnboginn er búin að skila til skólans en leikskóladeildin skilar síðar í vor.

## **Starfsáætlun skólaráðs næsta vetur**

Aðalfundur í haust hjá foreldrafélaginu. Páll heldur ekki áfram næsta skólaár í skólaráði, en aðrir vilja vera áfram. Gott að hafa fundi á 6 – 8 vikna fresti, annan hvern mánuð.

## **Önnur mál**

Umræða um Makedóníu ferðina og Reykjarferðina. Gaman að upplýsa fólk um hvernig gengur og gekk í þessum ferðum. Guðrún Lilja segir að ferðin á Reyki hafi verið æðisleg og þau væru öll til í að fara aftur. Gott að hafa í huga fyrir næstu Reykjaferð að hafa einn karlkyns starfsmann með, jafnvel að fá foreldra með í lið.

Framkvæmdir í sumar verða töluverðar, inni og úti við tengi ganga. Stendur til að fara í framkvæmdir á leikskólanum í sumarleyfi, útveggir leka. Framkvæmdum á bílplani er að ljúka núna þessa dagana.

Bílastæði við leik- og grunnskóla eru allt of fá. Mikilvægt að halda umræðunni lifandi. Körfubolti er vinsæl íþrótt í hverfinu og ef hægt væri að skoða að setja upp körfuboltavöll. Það vantar leynihurð á rauða vellinum.

Undirlagið við körfuboltavöllinn er hált og nemendur vilja láta skoða það.

Það þarf að þrifa batavöllurinn. Útigarðurinn sem er girtur af og þar þarf að skipuleggja rýmið betur þannig að nýting verði betri.

Fundaritari  
Hanna Sóley